

40.tbl.

17. nót. 2021

28 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386



## Örvunarbólusetningar gegn Covid-19 á starfssvæði HSN Húsavík

Öllum 16 ára og eldri býðst örvunarskammtur af bóluefni gegn COVID-19. Þegar u.p.b. 6 mánuðir eru liðnir frá grunnbólusetningu (óháð tegund bóluefnis) munu þeir, sem við á fá boð í bólusetningu á Húsavík. Þeir sem óska eftir bólusetningu í Norður-Þingeyjarsýslu verða að hafa samband við sína heilsugæslustöð og panta tíma í síma 4640600, 4640620 eða 4640640.

Bólusett verður:

- Í íþróttahöllinni á Húsavík miðvikudaginn 24.11 og miðvikudaginn 8.12
- Í Stórumörk á Kópaskeri þriðjudaginn 7.12
- Í Hnitbjörgum á Raufarhöfn miðvikudaginn 8.12
- Í Þórshöfn fimmtudaginn 9.12

Bólusett verður með Pfizer.

Munið að 14 dagar þurfa að líða milli inflúensabólusetningar og bólusetningar gegn COVID-19.

Þeir sem fengið hafa Covid og lokið grunnbólusetningu eiga að bíða þangað til frekari fyrirmæli berast.

Allir óbólusettir eru hvattir til að panta tíma!

## Hlaupastelpan

Er gefin út á miðvikudögum vikulega.

Auglýsingum þarf að skila  
fyrir kl. 15:00 á mánudögum.



Verð frá 1. júlí 2021

Hálfsíðuauglýsingu kr. 3.850- m.vsk.

Heilsíðuauglýsing kr. 5.000- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar eru í síma 8953386

Dagný Pétursdóttir

Stelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

## Frá Kvenfélag Ljósvetninga

Kæru eldri borgarar á starfssvæði Kvenfélags Ljósvetninga.

Við viljum bjóða ykkur í fótþyrtingu föstudaginn 19. nóvember í Snyrtipinnanum á Laugum.

Anna Geirlaug og Þórey munu taka á móti ykkur líkt og áður.

Pantanir hjá Önnu Geirlaugu í síma 861-3154.

Bestu kveðjur

Kvenfélag Ljósvetninga

Útför föður okkar, Snæbjörns Kristjánssonar í Laugabrekku, fer fram frá Einarssstaðakirkju laugardaginn 20. nóvember klukkan 14. Vegna aðstæðna getum við aðeins boðið fáum að vera við athöfnina en henni verður streymt á <https://www.twitch.tv/hljodveridbruar> og hlekkur á síðuna verður aðgengilegur á samfélagsmiðlum aðstandenda þegar nær dregur. Einnig verður jarðarförinni útvarpað á FM 106,1.



Fyrir hönd aðstandenda:  
Kristján Snæbjörnsson  
Guðrún Snæbjörnssdóttir  
Jósep Snæbjörnsson  
Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson.





## Ljósakrossar í Einarsstaðakirkjugarði.

Eins og undanfarin ár verður kveikt á ljósakrossum í Einarsstaðakirkjugarði í byrjun aðventu. Krossarnir verða settir á sömu leiði og áður nema óskað verði eftir breytingum. Æskilegt er að nýjar pantanir berist sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur formaður sóknarnefndar

Þóra Fríður Björnsdóttir s. 8953328

Netfang: [thorafridur@gmail.com](mailto:thorafridur@gmail.com)

Sóknarnefnd

## Ljósakrossar í Reykjahlíðarkirkjugarði



Eins og um síðustu jól mun Kiwanisklúbburinn Herðubreið setja upp ljóskrossa á leiði í Reykjahlíðarkirkjugarði. Ljósakrossrnir verða settir á sömu leiði og um síðustu jól.

Þeir aðilar sem **ekki** vilja nýta sér þessa þjónustu áfram vinsamlega látið vita fyrir 21 nóvember í síma 897 4108. Eigum nokkra krossa óráðstafað, pantanir í þá þurfa að berast sem fyrst til Þorbergss í síma 897 4108. Kveikt verður á krossunum 28 nóvember og slökkt á þeim 6 janúar 2022.

Kveðja Þorbergur.



## ÁRLEG INFLÚENSUBÓLUSETNING Á LAUGUM

Bólusett verður á heilsugæslustöðinni á Laugum föstudaginn 19.11 kl.  
11-12

**Tímapantanir í síma 464-0501**

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan

Barnshafandi konur

Ofangreindir áhættuhópar fá bóluefnið frítt en borga komugjald, 500 kr., nema börn, eldri borgarar og öryrkjar sem eru undanþegnir komugjaldi.

Þeir sem eru yngri en 60 ára og tilheyra ekki áhættuhópum samkvæmt skilgreiningu Embættis landlæknis borga komugjald sem er 500 kr. og bóluefnið (Vaxigrip Tetra) sem kostar nú 1.800 kr.

**ATH! Minnst 2 vikur verða að líða á milli inflúensubólusetningar og Covid-19 bólusetningar!**



## Jólabrunch í Vogafjósi

Við fögnum aðventunni í Vogafjósi með jólabrunch!

- ◆ 4. desember
- ◆ 5. desember
- ◆ 11. desember
- ◆ 12. desember

Frá kl.11:30 – 14:00.

Á boðstólnum verður rjúpusúpa, lambalæri, soðið hangikjöt, graffinn silungur, reyktur silungur, sætkartöflusalat, mozzarella salat, Waldorfsalat, bakað grænmeti, pönnukökur, egg, beikon, pylsur ásamt Ris a la mande, súkkulaðiköku, smákökum ásamt ýmsu fleiru.

Tilvalið að nýta daginn og heimsækja jólasveinana í Dimmuborgum.

Þann 10. desember verða síðan Hera Björk og Guðrún Gunnars. ásamt hljóðfæraleykum með tónleika hjá okkur.

*Vinsamlegast pantíð borð í síma 4643800 eða senda póst  
á [vogafjos@vogafjos.is](mailto:vogafjos@vogafjos.is)*

Verið velkomin í Vogafjós!



## Sýning og útgáfukynning bókar um

**Póri Baldvinsson arkitekt frá Ófeigsstöðum**

**Safnahúsið, Stóragarði 17, 640 Húsavík,  
laugardag 20. nóv. kl. 15.**


Útgáfukynning bókar um Póri Baldvinsson (1901-1986) arkitekt verður í Safnahúsinu á Húsavík kl. 15 laugardaginn 20. nóvember. Flutt verða stutt erindi. Ólafur J. Engilbertsson, Jóhannes Þórðarson og Árni Daníel Júlíusson flytja stutt erindi og Úlfur Kolka langafabarn Þóris segir frá aðdragandanum að gerð bókarinnar. Loks verður opnuð sýning um feril Þóris og tengsl hans við sitt heimahérað, Koldukinn í Þingeyjarsýslu.

Þórir Baldvinsson var í senn framúrstefnumaður í arkitektúr og hugsjónamaður í baráttu fyrir bættum húsakosti til sveita. Hann varð fyrstur íslenskra arkitekta til að kynna nýjar húsnæðislausnir í anda funksjónalisma og var frumkvöðull í gerð slíkra bygginga hér á landi eins og samvinnuhúsanna svokölluðu við Ásvallagötu í Reykjavík og við Helgamagrastræti á Akureyri. Þar kynnti Þórir fyrstur manna til sögunnar forskölun í húsbyggingum hér á landi. Þórir teiknaði einnig fjölmargar opinberar byggingar; héraðsskóla, kaupfélagshús, samkomuhús og verksmiðjuhús vítt og breitt um landið og þekktar byggingar í Reykjavík eins og Alþýðuhúsið við Hverfisgötu og Mjólkurstöðina við Laugaveg sem nú hýsir Þjóðskjalasafnið. Helsta starf Þóris var hinsvegar að veita Teiknistofu landbúnaðarins forstöðu á árunum 1938-1969. Þáttur hans í nútíma vœðingu sveitanna var gríðarstór, bættur húsakostur sem hélst í hendur við vélvœðingu. Hér gefur að líta í fyrsta sinn yfirlit verka Þóris ásamt æviágripi hans. Ólafur J. Engilbertsson ritstýrir bókinni en auch hans skrifa greinar Árni Daníel Júlíusson, Jóhannes Þórðarson, Ólafur Mathiesen og Pétur H. Ármannsson sem jafnframt tekur saman verkaskrá Þóris. Úlfur Kolka sér um útlit bókarinnar en hana prýðir fjöldi ljósmynda og teikninga.

Gætum að sóttvörnum. Nálægðarmörk eru einn metri milli ótengdra aðila.

Ef ekki er hægt að virða mörkin er skylt að nota andlitsgrímu.

**Þórir Baldvinsson  
arkitekt**



**Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra styrkir viðburðinn.**



**SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRA**



## Fundargerð

### 308. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Seiglu, fimmtudaginn 11. nóvember 2021, kl. 13:00.

#### **Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Freydís Anna Ingvarsdóttir, Friðrika Sigurgeirs dóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Dagbjört Jónsdóttir. Sigíður Hlynur Helguson Snæbjörnsson forfallaðist á síðustu stundu.

**Fundargerð ritaði:** Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð - 1804018**

Lögð fram fundargerð 142. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 04.11.2021. Ásvaldur Ævar Þormóðsson gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í tíu liðum.

##### *3. Halldórsstaðir í Reykjadal, umsókn um stofnun lóðar - 2110015*

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

##### *5. Deiliskipulag á landi Hóla og Lauta - 2110018*

Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulags- og umhverfisnefndar og felur skipulagsfulltrúa leiða áfram þá vinnu sem unnin hefur verið við deili-skipulag Hóla og Lauta, Reykjadal.

##### *6. Loftslagsstefna Þingeyjarsveitar - 2110029*

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar um að leitað verði til Skútustaðahrepps um samvinnu við vinnslu loftslagsstefnu fyrir Þingeyjarsveit í samræmi við 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

##### *7. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu - 2110005*

Skipulags- og umhverfisnefnd vísaði því til sveitarstjórnar að taka fyrir drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Umsagnarfrestrur er til 11. nóvember 2021.

##### *8. Selland, stofnun þjóðlendu í Þingeyjarsveit - 2110024*

Sveitarstjórn samþykkir stofnun þjóðlendunnar Sellands í samræmi við úrskurð óbyggðanefnar í máli nr. 1/2007 frá 6. júní 2008 og felur skipulagsfulltrúa tilkynna ráðuneytinu um samþykkt þess efnis. Jafnframt felur sveitarstjórn byggingarfulltrúa að senda umsókn um stofnun þjóðlendunnar í fasteignaskrá til Þjóðskrár Íslands.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

##### **2. Sorpsamlag Þingeyinga; Kostnaður vegna athugasemda UST - 2009009**

Lagt fram erindi frá Drífu Valdimarsdóttur, f.h. Norðurþings, dags.

29.10.2021 um skiptingu kostnaðar vegna frágangs á hluta af hreinsiviki og vísað til samkomulags aðildarsveitarfélaganna um útgöngu úr Sorpsam-lagi Þingeyinga ehf. frá 28. nóvember 2014.

Sveitarstjórn telur að ákvæði í samkomulagi um sameiginlega ábyrgð sé

ekki skýr og á þeim forsendum er erindinu hafnað að svo stöddu. Sveitarstjóra falið að óska eftir viðræðum við fulltrúa aðildarsveitarfélaganna um málid.

### **3. Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu: Umsögn - 2111007**

Í samráðsgátt stjórnvalda eru drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu til umsagnar.

Lög um landgræðslu nr. 155/2018 voru samþykkt á Alþingi árið 2018 og er markmið laganna að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fölgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Í 11. gr. laganna er kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búsfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrku.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur undir efnislegar athugasemdir sveitarstjórnar Skútustaðahrepps við drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu:

1. *Sjálfbær landnýting snertir marga hagaðila, s.s. bændur, náttúruverndarsamtök og sveitarfélög. Reglugerðin er nokkuð flókin og er mikilvægt hagaðilar geti með auðveldum hætti áttað sig til hvers er ætlast. Lagt er til að orðalag reglugerðarinnar verði einfaldað eins og framast er unnt.*
2. *Því er fagnað að lögð séu til viðmið varðandi hönnun og uppbryggingu innviða tengt umferð fólks og ökutækja (viðauki 4) og framkvæmdum (viðauki 3). Umferð og framkvæmdir geta haft mikil áhrif á landnýtingu og mikilvægt að taka tillit til þessara þátta eins og beitar og annarra þáttta.*
3. *Tímarammi umbóta þarf að vera raunhæfur m.t.t. stefnumótunar og skipulagsmála í sveitarfélögum. Það er sannarlega þörf á hröðum umbótum í landnotkun viða, en mikilvægt að slikar umbætur séu fjármagnaðar með fullnægjandi hætti.*
4. *Mikilvægt er að skilgreina vel hvað telst "straumvatn" í reglugerðinni. Jafnvægi í steinefnabúskap jarðvegs er mikilvægt forsenda sjálfbærrar landnýtingar og þarf því að meta ávinning af dreifingu búsfjárburðar, tilbúins áburðar, seyrar og annarra áburðarefna til móts við mögulega áhættu af dreifingunni í samhengi vistkerfa straumvatna. Á Íslandi þarf að horfa til aukinnar notkunar á búsfjárburði, seyrar og öðrum innlendum áburðarefnum, í stað tilbúins áburðar, til að stuðla að fæðuöryggi og jafnvægi í gjaldeyrismálum, og væri vert að því verði velt upp hvort notkun slíkra áburðarefna ætti að verðlauna, t.d. með rýmri heimildum til dreifingar en í tilviki tilbúins áburðar. Fyrir bændur þarf að vera skýrt til hvers er ætlast í þessum efnum, ella er hætt við að virðing fyrir þeim viðmiðum sem sett eru fram verði takmörkuð.*
5. *Umræða um beitarhólf innan afréttarlands hefur átt sér stað í Skútustaðahreppi. Slik hólf kunna að hafa jákvæð áhrif á búskap (t.d. með*

því að auðvelda smalamennsku) en jafnframt gefa aukna möguleika á landgræðslu, endurheimt birkiskóga og kolefnisbindingu almennt, þar sem hluti þess lands sem hefur verið beittur verður friðaður fyrir beit. Til að mögulegt sé að skilgreina beitarhólf þarf að vera praktískt að girða þau af. Eins og gefur að skilja kunna hlutar slikra beitarhólfra að falla innan þeirra marka sem skilgreind eru sem “land í ósjálfbærri nýtingu? (sbr. 2.gr viðauka 1). Ef hins vegar beit innan beitarhólfss telst sjálfkrafa ósjálfbær (t.d. sökum hæðar yfir sjó) er hætt við að vilji bænda og landeigenda til að girða slik hólf af muni verða takmarkaður og tækifæri til jákvæðra breytinga glatist (þrátt fyrir að beit muni verða afar takmörkuð á þeim svæðum sem t.d. liggja ofan við 600 m.h.y.s.). Það er mikilvægt að sveitarfélög og landeigendur hafi sveigjanleika innan þess ramma sem skilgreindur verður, til að meiri hagsmunir verði ekki látnir vikja fyrir minni hagsmunum í samhengi sjálfbærrar landnýtingar. Praktískt séð kann að vera nauðsynlegt að hafa brattar hlíðar (yfir 30° halli) eða há fjöll (yfir 700 m.y.s.) innan beitarsvæða. Beit í slíkum hólfum getur samt sem áður talist sjálfbær.

6. EKKI er ljóst hver muni bera kostnað af eftirliti með sjálfbærri landnýtingu. Kostnaður vegna eftirlits fyrir bændur, t.d. vegna Matvælastofnunar, er ærinн fyrir. Til að takast megi að byggja upp sjálfbæra fæðuframleiðslu á Íslandi, er mikilvægt að starfs-, rekstrar- og fjárfestingaskilyrði bænda verði bætt. Pannig er stuðlað að nýliðun meðal fæðuframleiðenda (bænda). Liður í sliku er að gefa skýrt út að innleiðing reglugerðarinnar muni ekki auka eftirlitskostnað bænda. Annar liður í sliku er að nýta gögn og samstarfsverkefni sem bændur hafa sjálfrí safnað og tekið þátt í til að auka sjálfbærni landnotkunar. Þar má t.d. nefna Grólindarverkefnið og gögn sem sauðfjárbændur skrá í Fjárvís gagnautanumhaldskerfið varðandi fallþunga dilka. Sé lömbum slátrað um leið og þau koma af fjalli, gefur fallþungi þeirra t.d. ágætis vísbendingu um ástand gróðurs á beitarlandi.

7. Gert er ráð fyrir að meta árangur á 2-3 ára fresti. Ef nýjar aðferðir og tækni verða nýtt til þess, s.s. gervihnnattamyndir og sjálfvirk úrvinnsla þeirra, kann þetta að vera raunhæft. Liggi ekki fyrir skýr áætlun um slik vinnubrögð, er lagt til að árangur verði metinn sjaldnar. Betra er að geta staðið við þær áætlanir sem gerðar eru, en að áætla of bratt og geta ekki staðið undir þeim væntingum sem áætlanirnar skapa.

8. Mikilvægt er að reglugerðin stangist ekki á við önnur lög og reglugerðir sem fjalla um málaflokk landnýtingar. Bent er á mikilvægi þess að kannað verði hvort svo sé, t.d. með samráði við starfsmenn Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem fjalla um landbúnaðarmál og með samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

#### 4. SSNE: Tillögur um fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024 - 2009027

SSNE óskar eftir tillögu að fjórum fulltrúum frá hverju sveitarfélagi í samráðsvettvang Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024. Í samningi um Sóknaráætlun Norðurlands eystra er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang landshlutanna. Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar a.m.k. árlega.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Arnór Benónýsson, Róshildur Jónsdóttir og Úlla Árdal verði fulltrúar Þingeyjarsveitar í samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024.*

**5. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) - Fundargerðir - 2002017**

Fundargerðir 23., 24., 25., 26., 27., 28. og 29. fundar stjórnar SSNE.  
*Lögð fram til kynningar.*

**6. Almannavarnarnefnd NA - Fundargerð - 1810028**

Fundargerð haustfundar almannavarnarnefndar NA frá 03.11.2021  
*Lögð fram til kynningar.*

**7. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerð - 1804023**

Fundargerð 27. fundar framkvæmdastjórnar HNP  
*Lögð fram til kynningar.*

**8. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð - 1804006**

Fundargerð 902. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
*Lögð fram til kynningar.*

**9. Ályktun um almennar gjaldskrárhækkanir - 2111008**

Ályktun frá Framsýn til sveitarfélaga á félagssvæði félagsins þar sem hvatt er til aðhalðs á gjaldskrárhækjunum.

*Lögð fram til kynningar.*

**10. Markaðsstofa Norðurlands: Flugklasinn Air 66N - 1804011**

Greinargerð um starf Flugklasans Air 66N frá 9. apríl til 26. október 2021.  
*Lögð fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 14:33.



**Jólasveinarnir í Dimmuborgum  
taka á móti gestum vel valda daga  
í desember frá kl 11:00 - 13:00**

6 ára og eldri greiða 1.500kr í Grýlusjóð  
miðasala á [tix.is](#). Takmarkaður miðafjöldi.

**Opnunarhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum  
laugardaginn 4. desember  
kl 11:00 - 13:00**

6 ára og eldri greiða 1.500kr í Grýlusjóð  
miðasala á [tix.is](#). Takmarkaður miðafjöldi.

**Jólamarkaður í Skjólbrekku  
laugardaginn 4. desember  
frá kl 12:00 - 16:00**

Handverk, jólasteikin, jólagjafirnar og margt fleira!  
Kvenfélag Mývatnssveitar selur kaffi, kakó og með því. Allir  
velkomrnir!

*Sjáumst í hátíðarskapi!*

*Mývatnssveit, töfraland jólanna*

[www.yulelads.is](http://www.yulelads.is)  
[www.visitmyvatn.is](http://www.visitmyvatn.is)

